



# Ljósmyndun - LJÓS 2A05

Námsáætlun, vorönn 2021

**Kennari/kennarar:**

Ingibjörg Friðriksdóttir  
Kristveig Halldórsdóttir

**Netfang/netföng:**

[ingibjorg.fridriksdottir@borgo.is](mailto:ingibjorg.fridriksdottir@borgo.is)  
[kristveig.halldorsdottir@borgo.is](mailto:kristveig.halldorsdottir@borgo.is)

**Lýsing:**

Í áfanganum læra nemendur að beita aðferðum stafrænnar ljósmyndunar til persónulegrar sköpunar og upplýsingaöflunnar. Áhersla er lögð á meðvitund nemenda um inntak og uppbyggingu einstakra mynda og í samhengi myndraða. Tveir þættir vega þyngst í vinnunni. Annars vegar grunnþættir stafrænnar ljósmyndunar, myndataka, eftirvinnsla og prentun hins vegar ferlið sköpun, túlkun og tjáning þar sem nemendur vinna að eigin verkefnum undir leiðsögn kennara. Nemendur læra að stilla myndavélar rétt miðað við aðstæður, um samskið á milli ljósops, hraða og ISO og hvernig þeir geta stjórnað fókusdýpt mynda. Í eftirvinnslu er áherslan á lita- og birtustillingar, stærð mynda, mismunandi gerð myndaskráa og að ganga frá ljósmyndum til birtingar bæði fyrir prent og skjá.

**Þekking, leikni, hæfni:****Þekkingarviðmið.**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig ljósop, hraði og iso stillingar vinna saman.
- hvernig mismunandi vídd linsu hefur áhrif á dýpt myndflatar.
- lit- og birtustýringu ljósmynda í myndvinnsluforriti.
- upplausn og stærð mynda fyrir prent og skjá.
- hvernig mismunandi myndbyggingar hafa áhrif á endanlega útkomu.
- skilji hvernig ólík tákni sem birtast í myndum, geta breytt merkingu myndar.

**Leikniviðmið.**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita myndavél af öryggi.
- stilla iso, ljósop og hraða rétt miðað við aðstæður.
- eftirvinna ljósmyndir í myndvinnsluforriti og ná fram hámarksgæðum.
- stærðarstillu og vista ljósmyndir rétt miðað við birtingarmáta.

**Hæfniviðmið.**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér ljósmyndun sem miðil til persónulegrar sköpunar og upplýsingaöflunnar. Námsmat: leiðsagnar- og frammistöðumat.
- stilla grátónadýpt, birtu, andstæður og litblæ ljósmynda í eftirvinnslu. Námsmat: frammistöðumat.
- fullvinna ljósmynd fyrir prent og skjá.



**Námsmat: frammistöðumat.**

- fjalla um og meta eigin verk á upplýstan og greinargóðan hátt.  
Námsmat: sjálfsmati og frammistöðumat.
- koma verkum sínum á framfæri á skjámiðlum og á prenti.  
Námsmat: sjálfsmati og frammistöðumat.
- stilla myndavélar rétt miðað við aðstæður.  
Námsmat: frammistöðumat.

**Námsmat:**

- 80 % Ljósmyndaverkefni/ myndvinnsla og prentun
- 10 % Rannsóknarverkefni
- 10 % Ástundun, framfarir og virkni

**Mat verkefna:**

- 20 %. Listrænu gildi og frumleiki
- 60 %. Tæknilegri færni í vinnslu og töku, uppröðun, samsetning, myndbygging mynda
- 20 % Kynningu á eigin verkum og þátttöku í umræðu um verk annara.

100 %. Samtals.

**Námshögn:**

- Forrit: Adobe Bridge, Adobe Photoshop, Adobe Lightroom
- Stílabók / Skissubók / hugmyndavinna og til að skrifa niður leiðbeiningar varðandi myndavélar, ljósmyndun og forritin.
- **Ljósmyndavél / stafræn.** Nemendur geta líka fengið lánaðar myndvélar hjá Hilmari tækjaverði sem er með skrifstofu á 2 hæð við hliðina á stofu 224. Opið fyrir hádegi, eftir hádegi þarf að fara upp á bókasafn til að fá lánaðr myndavélar.
- **Mjög mikilvægt! Utanálíggjandi harður diskur,** flakkari er nauðsynlegur til að vista ljósmyndirnar inn á.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Gerð er lágmarkskrafa um 80% raunmætingu.

**Seinkomur og fjarvistir:**

- Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomur jafngilda einni fjarvist.
- Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.
- Nemendur eru minntir á að slökkva á farsímum og borða ekki í tímum.
- Leyfilegt er að vera með vatn í lokuðum ílátum.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	6.-8. jan.	<b>Inngangur</b> – kynning á áfanganum. Hvað þurfið þið að kaupa? Ykkar heimasvæði á heimasvæði skólans. Myndavélar sem þið þurfið að nota, myndavélar skólans. Tækjavörður og tækjaleiga.	
2	11.-15. jan.	<b>Verkefni 1:</b> <b>Maraðon</b> – myndbygging – myndavélin. Hvernig á að vista ljósmyndir og hvar?	10%
3	18.-22. jan	Maraðon – vinnuvika / klára að taka myndir og gera kynningu. Búar til rafbók – kynna verkefnið.	
4	25.-29. jan.	<b>Verkefni 2:</b> <b>Ljós og skuggi</b> - Myndvinnsla og vistun ljósmynda fyrir prentun, prentari.	15%
5	1.-5. feb.	<b>Ljós og skuggi</b> – myndvinnsla og birta, contrast, croppa myndir og fl.	
6	8.-12. feb.	<b>Ljós og skuggi</b> - Rafbók og kynning	Skóhlífadagar
7	15.-19. feb.	<b>Verkefni 3:</b> <b>Hægt og hratt</b> , verkleg kennsla nemendur æfa sig að stilla myndavélina	Varða I 15%
8	23.-26. feb.	<b>Hægt og hratt</b> , myndvinnsla og tókur	Vorhlé
9	1.-5. mars	<b>Hægt og hratt</b> - myndvinnsla, rafbók og kynning	
10	8.-12. mars	<b>Verkefni 4:</b> <b>Rannsóknarverkefni</b> um íslenska ljósmyndara	15 %
11	15.-19. mars	<b>Rannsóknarverkefni</b> - rafbók og kynning	
12	22.-26. mars	<b>Verkefni 5: - Borgarlandslag</b>	20% Varða II
13	29.mars- 5. apríl	<b>P á s k a l e y f i - P á s k a l e y f i - P á s k a l e y f i</b>	
14	6.-9. apríl	Kennsla hefst 7. apríl Borgarlandslag	20 %
15	12.-16. apríl	Borgarlandslag, rafbók og kynning	
16	19.-23. apríl	<b>Verkefni 6:</b> <b>Portrett af manneskju</b> - Verkleg kennsla	
17	26.-30. apríl	<b>Portrett af manneskju</b>	
18	3.-7. maí	<b>Portrett af manneskju</b> – rafbók / kynning/ próf	20 %
19	10.-14. maí	Sýningarheimsókn Lokafrágangur <b>Verkefni 7:</b> Ástundun, framfarir og virkni	Kennslu lýkur  10 %
		<b>Samtals</b>	100 %

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*

- 10 % Verkefni 1 Maraðon
- 15 % Verkefni 2 Ljós og skuggi
- 15 % Verkefni 3 Hægt og hratt
- 10 % Verkefni 4 Rannsóknarverkefni
- 20 % Verkefni 5 Borgarlandslag
- 20 % Verkefni 6 Portrett af manneskju
- 10 % Verkefni 7 Ástundun, framfarir og virkni